

# Fréttabréf Fljótsdalshrepps

## og Fagrar framtíðar í Fljótsdal 02.2021



### Lóðaleigusamningur undirritaður

Þann 2. nóvember 2021 var gengið frá lóðaleigusamningi milli Fljótsdalshrepps og landeigenda á Melum vegna uppbyggingar þjónustumiðstöðvar og bílastæðis fyrir ferðamenn á Hengifossvæðið. Samningurinn tekur einnig til umferðarréttar innan þess deiliskipulagsvæðis er gildir um Hengifoss. Fjármögnun til þessarar uppbyggingar og stíga kemur að hluta frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Skóflustunga var svo tekin 18. nóvember en fyrir liggur vinningstillaga að þjónustumiðstöð eftir Eirk Rönning Andersen siv.ark.MNAL og Sigríði Önnu Eggertsdóttur arkitekt FAÍ. Jafnframt verður unnið að því að koma fyrir tveimur göngubrúum yfir Hengifossá.



### Byggðakjarni

Á fundi byggingar- og skipulagsnefndar Fljótsdalshrepps þann 24.09.2021 var samþykkt að kynna sameiginlega skipulagslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Fljótsdalshrepps 2014-2030 og nýs deiliskipulags fyrir íbúðarbyggð í landi Hjarðarbóls. Á fundi sveitarstjórnar nr. 66, þann 5.10.2021 samþykkti meirihluti sveitarstjórnar bókun byggingar- og skipulagsnefndar. Sveitarfélagið Fljótsdalshreppur áformar að skipuleggja íbúðarbyggð í landi Hjarðarbóls í Fljótsdalshreppi. Fyrirhuguð íbúðarbyggð samræmist ekki gildandi aðalskipulagi og ekki er í gildi deiliskipulag fyrir svæðið. Áður en framkvæmdar- og byggingarleyfi er veitt þarf að gera breytingar á aðalskipulaginu og leggja fram deiliskipulag af svæðinu. Nánar um skipulagslýsingu er hægt að skoða á heimasíðu sveitarfélagsins [www.fljotsdalur.is](http://www.fljotsdalur.is) og á hreppsskrifstofu að Végarði, 701 Egilsstaðir.

### Reiðstígur/vegir

Framkvæmdir eru hafnar við að útbúa reiðstíg um sveitarfélagið. Í þessum fyrsta áfanga sem er frá rafnsgerðisá að Hengifossá er Einar Guðsteinsson byrjaður að jafna út leið. Í sumar sem leið vann Sveinn Ingimarsson að því að endurbæta leið inn suður dal að norðanverðu og vegurinn inn að Sótavist var einnig bættur í samstarfi við Vatnajökulsþjóðgarð, hvoru tveggja styrkt af Styrkvegjasjóði.

### Örnefnaskráningar

Kristín Gunnarsdóttir á Ytri-Víðivöllum 2, hefur verið að vinna að því að skrá inn örnefni og aðstoða landeigendur við það. Enn eru nokkrar jarðir eftir þar sem aðilar hafa ekki gefið sér tíma með henni, en fyrir í grunni voru töluvert af örnefnum. Hægt er að fara inn á kortasjá Landmælinga Íslands og skoða afraksturinn.



### Samfélagsþing

Haldið var nokkuð fjölmennt Samfélagsþing laugardaginn 30. október. Rýnt var í áherslur síðasta árs og lagt á ráðin varðandi áherslur ársins 2022. Verkefni munu endurspeglar áherslur Samfélagssjóðsins sem opnar fyrir umsóknir í byrjun árs.

Fjöldmörg verkefni eru enn munaðarlaus. Það er því tækifæri fyrir einstaklinga, félög, fyrirtæki og stofnanir að taka þau að sér sem og nefndir á vegum sveitarfélagsins. Verkefnastjóri Fagrar framtíðar í Fljótsdal mun einnig koma að verkefnum og vera öðrum innan handar eins og áður. Áhersluskjalið er aðgengilegt á fésbókarsíðunni Fögur framtíð í Fljótsdal en einnig er hægt að kíkja við í Végarði þegar verkefnisstjóri er þar eða hafa samband. Það mun einnig liggja frammi í Végarði hafi aðilar áhuga á því.

Verkefnastjóri Fagrar framtíðar í Fljótsdal verður í Végarði 22. nóv., 2., 6., 9. og 14. desember. Ávallt er eitt á könnunni. Við hvetjum þá sérstaklega sem eru í verkefnahugleiðingum eða þurfa einhverja aðstoð að kíkja við eða hafa samband. [asdishelga@fljotsdalur.is](mailto:asdishelga@fljotsdalur.is) / 8996172. Ef áhugi er fyrir því að standa fyrir einhverjum samfélagsviðburði, fræðslu eða námskeiði er um að gera að leita líka til hennar um aðstoð.

### Framkvæmdir

Í vor brann baðhúsið við Óbyggðasetrið en búið er að endurbyggja það og stækka. Þessa daganna er verið að reisa 14 herbergja hótél sem stefnt er að verði tilbúið til útleigu fyrir háannatíma sumarsins 2022. Íbúðarhús, sumarhús og skemmtur rísa eins og gorkúlur innan hreppsins. Unnið er að 10 nýbyggingum og verið er að endurgera tvö gömul íbúðarhús. Auk þess hefur verið unnið að lagfæringum á torfhúsunum í Fjallaskarði.

### Endurvarpar

Búið er að setja upp þrjá endurvarpa, á Egilsstöðum, í Sturluflöt og Végarði. Markmiðið er að bæta síma- og gagnaflutninga.



### Viðburðir

#### Matur í Végarði

Síðla haust var ákveðið að auglýsa eftir aðila sem væri til í að elda í hádeginu á fimmtudögum og annað hvert mánudagskvöld fram í desember. Vigdís Helgadóttir bauð sig fram og verða máltíðir í boði á kr 2000.- Æskilegt er að láta vita fyrirfram með því að hafa samband við hana í síma: 845 9918. Daganna 6. og 9. desember mun Elísabet Þorsteinsdóttir matreiða í fjarveru Vigdísar. Mikilvægt er að láta hana vita um komu í mat í síma: 8998168.



#### Hnútu handverk

Boðið er upp á handverkskvöld og spjall flest miðvikudagskvöld kl. 19:30 í Végarði. Allir velkomnir. Tilkynningar birtast á fésbókarsíðunni Fögur framtíð í Fljótsdal en einnig má hafa samband við Kristínu Gunnarsdóttur s: 6901276.

**Björgunarsveitin Hérað býður til fundar 22. nóvember kl. 20:00 í Végarði til að ræða öryggismál** og fyrstu viðbröð gagnvart vá í Fljótsdal. Mikilvægt er að leggjast á eitt til að bæta fyrstu viðbrögð í kjölfar reynslunnar af útköllum sumarsins og aukins fjölda ferðamanna á svæðinu. Fundurinn er opinn öllum er lifa og starfa í Fljótsdal. Afar brýnt er að allir sem mögulega geta mæti. Við minnum á að það kvöld kl. 18:30 verður hægt að fá kvöldverð hjá Vigdísi í Végarði.

**Mógil heldur adventutónleika á Skriðuklaustri þann 27. nóvember kl. 15:00.** Þar mun hljómsveitin flytja tónlist af disknum AÐVENTA sem gefinn var út af hinu virta útgáfufélagi Winter & Winter í Þýskalandi árið 2019. Tónlistin og textarnir eru undir áhrifum hinnar sígildu skáldsögu Adventu eftir rithöfundinn Gunnar Gunnarsson (1889-1975) og á tónleikunum mun Orri Huginn Ágústsson leikari lesa valinn texta úr bókinni. Eftir tónleikana verður hægt að kaupa sér kaffi og köku á kaffhúsi Skriðuklausturs. Aðgangseyrir kr. 2.900, greitt á staðnum. Nauðsynlegt að bóka sæti fyrir 24. nóvember.

Hádegisverður í Végarði

18. nóv.

25. nóv.

2. des.

9. des.

Kvöldverður í Végarði

22. nóv.

6. des.

**Jólaöldverður 16. des.**

(Með fyrirvara um breytingar)